



VÍÐ KIRKJU

(1912)

I.

Ég er helzt á því, að á Íslandi geti kirkja og prestar miklu fremur orðið eins og ætti að vera en í nokkru öðru landi. Prestar eru hvergi, sem mér er kunnugt um, eins þjóðlegir og á Íslandi, en þó finnst mér vanta mikið á að vel sé. Ég hygg, að þeir gætu verið talsvert líkari goðunum fornu en þeir eru. Einn af þessum goðum hét Ari Þorgilsson, annar Sæmundur Sigfússon, þriðji Snorri Sturluson. Auðvitað kemur mér ekki til hugar, að nú á dögum sé unnt að jafnast á við þessa menn á Íslandi, ekki einu sinni að auðlegð, nema kaupmenn séu. En það mætti halda eitthvað betur í sömu áttina og þeir. Mér finnst prestarnir gleyma því allt of mjög, hvílíkar fornþókmenntir vér eignum, og hversu miklu fremri vorir fornmann voru að ritsnilld en þeir, sem skráð hafa þau rit, sem mest er lagt út af í kirkjunum. Aldrei hefi ég í kirkju heyrт lagt út af orðum Njáls, „él eitt mun vera“; aldrei út af orðum Gunnars, „verum eigi orðssjúkir“; aldrei út af orðum þess manns, sem líkari virðist hafa verið Gunnari en synir hans, Höskuldar Hvítanessgoða, „guð hjálpi mér, en fyrirgefi yður“. Sjálf sagt hefir þetta samt verið gert, en varla oft. Og hvað margir skyldu þeir prestar vera, sem láta börnin læra sköpunarsöguna eftir því, sem Snorri hefir ritað í formálanum fyrir Eddu sinni, og það af svo mikilli snilld, að ég undrast í hvert skipti, sem ég les þenna formála; líka furða ég mig svolitið á, að jafnvæl Jónas Hallgrímsson, sem oft hafði lesið þenna formála með ánægju og eftirtekt, skyldi láta sér

koma til hugar, að hann væri eftir nokkurn annan en Snorra sjálfan.

II.

Ég var við kirkju í sumar sem leið hjá tveimur merkisprestum. Annar þeirra var síra Valdimar Briem á Stóra-Núpi. Það var margt við kirkju og ég var að athuga fólkis, eins og ég hefi gert lengi, eftir föngum, því að ég er að vona, að ég eigi margt eftir óskrifað um Íslendinga. Parna eins og víðar virtist mér greinilegt, að það er eitthvert vor í þjóðinni; mönnum gengur betur að vaxa en áður, og hárið er aftur að verða ljósara. Og stundum er það jafnvel gult, en þó hefi ég ekki enn þá á neinum Íslendingi séð svip Gunnars, eins og varla er við að búast; Gunnar var dreppinn á bezta aldri og hans líkar hafa alltaf átt erfitt uppdráttar, og eftir 1000 varð slíkum manni ekki komið upp á Íslandi og þá ekki annars staðar. En eitthvað í áttina að svipnum á þeim undan Príhyrningi hefi ég séð sums staðar, og þótt hálf-vænt um, því að karlmenni voru þeir undan Príhyrningi, og víðar að. Ég var líka að hugleiða, hvað þessi og þessi hefði verið miklu betur vaxinn, hefðu ekki bognat á honum fæturnir á fyrsta árinu, og hvað sumar stúlkur hefðu verið miklu betur hærðar og betur litkaðar, hefði sumt verið vitað á bænum, sem ókunnugt var um, í uppvexti þeirra og síðar. Því að meira má, ef betur veit, þó að bagaleg sé þessi íslenzka seytjándu aldar fátækt. Mér kom í hug, hvort síra Valdimar mundi ekki vera dálítið líkur Gizuri hvíta síðan hár hans hvítinaði.

Ég þarf varla að taka fram, að ræðan var skynsamleg og malið gott. Ég man, að þar var minnzt á skyldur barnanna við foreldrana. Ég var að óska, að prestur hefði líka minnzt á skyldur foreldranna við börnin, og því fremur sem þenna sama dag var jarðað óskilgetið ungbarn, sem virtist hafa fæðzt einungis til þess að deyja nokkrum dögum eða vikum seinna. Ég veit ekki, hvernig hefir verið um þetta barn, en hitt veit ég, að mesti fjöldi af íslenzkum ungbörnum hefir dáið svo, að nærrí mætti segja þau dreppin af vanþekkingu og hirðuleysi, og þessari lítt viðráðanlegu fátækt auðvitað, eins og varla þarf að taka

fram. Parna finnst mér væri mikið verkefni fyrir prestana, og varla þarf að minna á, að Kristur var mikill barnavinur, eins og annars allir, sem vilja vel og muna að það er til framtíð. Gætu ekki prestar og læknar tekið hér höndum saman miklu betur en er? Vitanlega eru læknarnir stundum dálítið vantrúaðir, og því dálítill rígur þeirra á milli og prestanna. En sú vantrú held ég muni hverfa, eins og sum oftrú prestanna megin. Geta ekki allir orðið einhuga í þeirri trú eða von, að lífið muni verða sigursælt á endanum? Það er sú trú, sem Kristur er að kenna; og að lífið þurfi að verða sem bezt og öflugast á þessari jörð. Segir ekki Kristur eitthvað á þá leið, að himnaríki geti komið í mannsbrjóst? En í þeim efnum var það, sem kirkjan áður syndgæði mest og misbeitti því valdi, sem hún hafði yfir hugum manna. Eitt aðalhlutverk hverrar kynslóðar er að sjá um, að næsta kynslóð verði betri og farsælli en hún sjálf. Og þar eru ýms ráð, sem í tíma verður að taka, meðan börnin eru mjög ung, og jafnvel áður. Presta sjá menn og heyra til sveita miklu oftar en læknana. Setjum svo, að prestur spryði stundum, þegar hann kemur á bæ, hvort munað sé eftir að hafa ekki vöggu barnsins við rúmstokkinn, þegar búið er um; hvort munað sé eftir að láta slíkt ungvíði út, þegar sólskin er á og gott veður; hvort eldri börnin æfi sig í að anda um nefið, og eins þegar þau hlaupa; og þar fram eftir götunum. Það mundu færri deyja úr brjósttæringu, ef slíkar barnaspurningar yrðu algengar, það er nokkurn veginn áreiðanlegt.

III.

Hinn presturinn, sem ég hlýddi á í fyrrasumar, var síra Kjartan Helgason í Hruna. Fór ég til kirkju, eins og ég er vanur, eigi einungis til þess að hlýða á messu, heldur einnig til að athuga dálítið það brot úr íslenzu þjóðinni, sem þar væri samankomið. Það er fátt, sem ég hefi meiri hug á heldur en að athuga þjóðina, sem ég er einn svoltill þáttur úr, og eftir því sem ég læri betur og betur að sjá, finnst mér ég vera betur og betur að skilja, hvernig þessi þjóð er sprottin upp úr fortíðinni, fámenn, kúguð og niðurnídd.

Hvernig fóru Íslendingar að lifa, þegar útlenda varan ferfaldaðist í verði, eins og varð þegar Danir tóku til fulls að sér verzlunina? Svarið er nærri því á þá leið, að þeir lifðu ekki, heldur dóu; langmestur hluti þeirra dó, og þessar leifar, sem eftir lifðu, voru minni menn en annars mundi hafa verið. Og þó er í oss, sem nú lifum, til allt, sem verið hefir íslenzkt, þó að mikið af því og einkum það, sem bezt hefir verið, sofi þeim svefni, sem líkastur er dauða.

Að reyna að vekja eitthvað af því, sem verið hefir vel íslenzkt, er eitt hlutverk allra vor sem viljum vel. Og þar gætu ekki sízt prestarnir átt góðan hlut að máli, og fremur ef þeir mettu svolítið meira Íslendingasögu og sögur en þeir gera flestir, og svolítið minna Gyðingasögur.

IV.

Einnig ræða síra Kjartans kom mér til að minnast þessa. Ég óskaði þess, að þessi góði Íslendingur, sem stóð þarna í stólmum, myndi svolítið betur eftir, að hann væri íslenzkur og ekki Gyðingur. Íslendingasögur var þar ekki minnzt á, en fyrirtaks vönduð var ræðan og flutt af snilld, svo mikilli snilld, að mig hefði furðað á, að ég skyldi aldrei heyra neinn minnast á þetta, ef ég vissi ekki svo vel, að það er ekki nema stundum hjá oss Íslendingum, sem þess er getið, sem vel er gert, og enn þá sjaldnar þess, sem bezt er gert.

Nokkuð þungskilin virtist mér ræðan, of þungskilin, þó að flest væru andlitin í kirkjunni greindarleg. Og mig langaði til að ræðan hefði lýst því meir en hún gerði, að presturinn hefði athugað þessi andlit, og hugleitt þá sögu, sem hvert þeirra hafði að segja. Ég læt þessa getið, þegar ég minnist á þenna prest, einmitt af því að ég hygg, að hann sé í fremstu röð í þeirri stétt, og góður gáfumaður og grasafræðingur, og mun því betur kunna til að athuga heldur en margir stéttarbræður hans. En það er satt, sem Bjarni Thorarensen gefur í skyn einhvers staðar, að það er enn þá fróðlegra að athuga menn en grös, þó að það sé gott og ómissandi, og einkum eiga þeir þakkir skilið, sem kenna börnunum að athuga jurtirnar og undrast fegurð þeirra.

V.

Eitt ungbarnd var þarna við kirkju, sem skírt var eftir messu. Þessi ungi ónefndi maður virtist vera vel ánægður yfir að lifa. Veðrið var gott og hann hafði ef til vill fengið meira af góðu lofti þann daginn en hann var vanur. En þeirri ánægju var nú lokið, þegar vatnið kom í kollinn, og þá var farið að gráta. Ég verð að segja eins og er, mér virðist undarlegt að hugsa til þess, að annað eins ljúfmenni eins og síra Kjartan er, skyldi vera að græta ungbarnd að þarflausu, og það í Jesú nafni. Ég skrifa þetta nú með hálfum huga; ég veit ekki, hvað hugirnir eru frjálsir; ég veit ekki nema slík mannúð gagnvart ungþörnum, sem farið er fram á með orðum mínum, muni hneyksla einhvern góðan mann, þar sem skírnin er annars vegar, t. a. m. einhvern góðan prest; en þá vildi ég helzt ekki hafa á móti mér. Ég vil biðja menn að reyna að hugleiða, hvort Kristur mundi hafa viljað græta ungþörn eða láta græta þau í sínu nafni; og hvort ekki mundi í þeim efnunum mega taka til greina orðin um bókstafinn og andann. Og ég vil líka minna á önnur orð, sem ég hefi mjög miklar mætur á og sennilega eru grísk að uppruna eins og annars fleira það, sem bezt er í Nýja testamentinu: sannleikurinn mun gera yður frjálsa.

VI.

Síra Kjartan tók enga hvíld eftir messuna, og segi ég það ekki til að hrósa honum. —

Við vorum að tala um hitt og þetta og eitt umræðuefnið ætla ég að minnast svolítið á. Það var síra Matthías. Ég þarf varla að taka fram, að ég hefi miklar mætur á ljóðsnillingnum síra Kjartan gera; ég er ekki viss í, að hann sé öllu betri en hann á skilið, þó að um ýms skáld sé verr. En að skilningi síra Matthíasar á sögu Íslands dáist ég miklu minna en mér virtist síra Kjartan gera; ég er ekki viss í að hann sé öllu betri en skilningur Þorvaldar Thoroddsens á jarðfræði Íslands, og ég segi það ekki ósatt, þar þarf mikilla umbóta við, þó að báðir séu auðvitað miklu framar en almenningur í þeim efnum.

Síra Matthías minnir mig að ýmsu leyti á snillinginn Sig-hvat Þórðarson, skáld hins helga Ólafs konungs, bæði að kost-um og göllum. Kostina þarf ég varla að nefna; en hitt vil ég minna á, að Sighvatur virðist, þrátt fyrir alla sína snilld, ekki eins fastur á íslenzkunni eins og önnur fornскáld; Sighvatur hefir orðið Sinjór í kvæði, og það er hann, sem fyrstur kemur með nafnið Magnús á Norðurlönd, og þótti Karlamagnús keisari beztur í heimi. Þar beygðist þegar krókurinn að þeim misskilningi, sem alltaf fór í vöxt og varð æ háskalegri og háskalegri. Ég fyrir mitt leyti held, að Erlingur Skjálgsson, sem mér þykir einna dýrðlegastur af Norðmönnum ásamt Þjóðólfí hinum hví-verska, hafi verið meiri maður en Karlamagnús. Ég hygg, að beztu mennirnir hafi verið á Norðurlöndum, áður en Júðarnir náðu yfirráðunum. Menn geta verið kristnifrömuðir og ágætis-prestar, þó að þeir sjái og játi, að áhrif Gyðinga á Norðurlönd hafa verið til illa, þó að þau hafi ekki verið til illa eins.